

Fjórdi íbúafundur Hverfisráðs í Hrísey 03. 11. 2010

Fundurinn var haldinn í Hlein og byrjaði kl. 17:00 Fyrir fundi lá m. a. að kjósa nýtt Hverfisráð. Undirritaður taldi 28 manneskjur á fundinum og þar af 4 frá yfirstjórn Akureyrarbæjar, þeir Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Geir Kristinn Aðalsteinsson, forseti bæjarstjórnar og varaform. Bæjarráðs, Tryggvi Þór Gunnarsson, form. Stjórnsýslunefndar og Helgi Snæbjörnsson, form. Skipulagsnefndar.

Linda María Ásgeirsdóttir fráfarandi formaður Hverfisnefndar setti fundinn og nefndi nokkur af þeim málum sem Hverfisráð hefur haft til umfjöllunar á síðasta ári og voru þar skipulagsmál fyrirferðamest og svo ferðamál. Hún tilnefndi Kristinn Árnason sem fundarstjóra og Aðalstein Bergdal sem ritara fundarins.

Eiríkur bæjarstjóri kynnti sig fyrir fundarmönnum og fór yfir nokkur mál er snerta Hrísey óneitanlega, svo sem opnunartíma sundlaugar, skipulagsmálin, ferjumál, kvótamál eyjunnar og taldi sig þurfa að kynnast þeim þætti betur og fl. kom hann inn á.

Skrifleg kosning fór fram í nýtt Hverfisráð og tók það nokkurn tíma svo og talningin. Teknir voru fyrir aðrir liðir á meðan talning fór fram.

Geir Kristinn kynnti nýjustu drög að aðalskipulagi fyrir Hrísey, sem meiningin er að verði tilbúið á næsta ári. Hann hlakkar til góðs samstarfs við nýtt Hverfisráð, eins og verið hefur hingað til með fráfarandi Hverfisráði.

Eiríkur kynnti nú áframhaldandi opnun á skrifstofu bæjarins í Hrísey og tilkynnti að Linda María Ásgeirsdóttir hefði verið ráðinn á skrifstofuna og myndi hún fyrst um sinn vera tvo daga í viku á meðan hún væri bundin öðru starfi, en síðan yrði skrifstofan opin á milli kl. 09:00 og 12:00 virka alla daga. Hún mun hefja störf þann 15. nóvember.

Almenn umræða fór nú fram og hrósaði sr. Hulda Hrönn sameiningunni og taldi hana ekki hvað síst hafa komið vel út á andlega sviðinu. Þá vildi hún fá að vita hvað bæjarfélagið héti, þannig að ekki færi á milli mála hvaðan póstar hennar kæmu. Eiríkur sagði að það héti Akureyrar kaupstaður, þótt Akureyri og Akureyrarbær væri oftast notað. Þá vildi hún lagfæringu á ljósastaur á neðra horni í Lárubrekku, að hann yrði með tveimur ljósum og einnig að ljósastaur vantaði í Sjávangötu. Hvað með flokkun á dósnum og átti þar við dósir eins og undan Bíldudals grænum, en gámur er fyrir svoleiðis á gámasvæði bakvið Salthúsið, en allir vissu ekki að svo væri. Að lokumspurði hún hvort að kannanir hefðu eða færu fram á efnainnihaldi kalda vatnsins í eyjunni. Því var svarað af yfirvaldinu að svo væri ekki. Þröstur sagði að vatn væri kannað annað slagið í Hvammi og reyndist það í góðu lagi.

Flokkunarmál voru rædd vítt og breytt og sitt sýnist hverjum um þau mál.

Nú komu niðurstöður úr kosningu og nýtt Hverfisráð skipa: Aðalmenn: Kristinn Frímann Árnason, Þröstur Jóhannsson og Guðrún Þorbjarnar. Varamenn: Víðir Björnsson, Júlíus Freyr Theodórsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Ögn var rætt um lyktarmál frá fiskþurrkun við bryggju og óþef frá Jóru, jarðgerðarvél. Smári Thorarensen var sáttur við að sjá bæjarstjórnendur á fundinum og lýsti ánægju sinni með að skrifstofan yrði ekki lögð niður. Hann sagðist ekki hafa heyrt um meiri niðurskurð í sambandi við ferjuna. Hann lýsti ótta sínum yfir kvótamálunum og með tilkomu Grímseyjar undir

Akureyri, að þá gæti orðið um meiri dreifingu að ræða, en kvóti mætti alls ekki minka í Hrísey.

Eiríkur endurtók, að kvótamálin væri það sem hann ætlaði að kynna sér sem allra best og vildi taka þá umræðu síðar. Hann sagði að það væri gott að halda tengingu við bæjarapparatið í gegnum skrifstofuna. Hann sagðist skilja vel hvað ferðamálin væru ofarlega í huga Hríseyinga, svo miklu máli skiptu þau eyjarskeggja. Hann sagði að gott væri að fá einn þingmann til að vinna að málefnum eyjunnar og nefndi sem dæmi að hann notaði sér slíkt í sambandi við Akureyrarbæ.

Geir Kristinn kom inn á kvóta og ferjumál og sagði m. a. þingmenn vera vel meðvitaða um samgöngumál.

Linda sagði ótal bréf hafa farið frá Hverfisráði til ráðherra samgöngumála en svörin hafi yfirleitt bara verið fyndin. En það er gott ef þeir eru að vakna.

Ingimar spurði um atvinnufulltrúa bæjarins og hvert væri hlutverk hans. Geir Kristinn svaraði því til, að oft reyndist vera gjá á milli fyrirtækja og stjórnenda bæjarins og atvinnufulltrúinn væri tengiliður bæjarins, brúaði bilið. T. d. ætti hann að fylgjast með og athuga hvort ekki væri hægt að bæta við starfsmönnum hér og hvar.

Spurning kom úr sal, hvernig bæjarfélagið stæði fjárhagslega. Eiríkur svaraði því til, að það stæði þokkalega, en að það þyrfti að horfa í hverja krónu. Það væri í gangi hagræðing upp á 320 milljónir. Geir bætti við, að það væri ekki í gangi flatur niðurskurður, heldur væru hlutir vegnir og metnir.

Rætt var um að Hrísey gleymdist oft í umfjöllun stjórnenda inn á Akureyri, svo sem stjórnanda sundlaugar þegar rætt er um sundlaugar bæjarins. Sama er uppi þegar rædd eru ferðamál eða auglýsingar eru gerðar, að þá gleymdist Hrísey og allt það sem hún hefur að bjóða, sem hluti af Akureyri. Var þessi gleymaska kölluð embættismanna pyttir.

Þröstur Jóhannsson kom inn á umferðahraðann í eyjunni og nefndi t. d. hraðahindranir til að draga niður í hraða sumra. Þarf að koma þessu í lag, sagði hann. Á fundinum kom fram, að yfir 70 farartæki væru í eyjunni og þótti mörgum nóg um þá tölu.

Ingibjörg Guðmundsdóttir spurði hvernig háttaði viðhaldi á húseignum bæjarins í Hrísey og sagði það sem hún byggði í komið á tíma.

Að lokum sagðist bæjarstjóri vilja hafa gott samstarf við eyjarskeggja og var fundi slitið kl. 18:45

Ritað samkvæmt bestu samvisku.
Aðalsteinn Bergdal.